UMHVERFIS
STOFNUN

Papco hf
Stórhöfða 42
110Reykjavík

Reykjavík,12. febrúar 2020
UST202001-063/G.R.G.
07.05.02

**Málslok**

Vísað er til bréfs dags. 8. janúar 2020 þar sem áformað var að veita Papco hf. áminningu vegna þess að fyrirtækið hafði ekki orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um að bæta úr frávikum á merkingum vörunnar *Premisian Plus Hard Surface Cleaner*, sem Papco hf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á hérlendis.

Í bréfinu var fyrirtækinu veittur frestur til 17. janúar 2020 til að verða við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur. Fullnægjandi staðfesting á úrbótum barst með tölvupósti þann 10. janúar 2020.

Að framansögðu telst eftirfylgnimáli því sem hófst með bréfi dags. 25. nóvember lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var um að ræða eftirliti sem fram fór í kjölfar ábendingar og því voru aðeins gerðar athugasemdir við framangreinda vöru. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Papco hf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð 13.200 kr.

Virðingarfyllst

Björn Gunnlaugsson
Teymisstjóri

Gísli Rúnar Gíslason
Lögfræðingur

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Iceland
+354 591 2000
www.ust.is